

# STAK-STEINAR

## Sakamálinn upplýst

Þjóðviljinn fjallar í leiðara í gær um lyktir eins umfangsmesta sakamáls síðari tíma í sögu þjóðarinnar. Blaðið segir: „Það er ástæða til að fagna því nú, að málið skuli í meginatriðum vera upplýst, jafnframt því, sem við hljófum að harna ógæfu allra þeirra, sem hlut eiga að máli. Þegar slíkt mál ber að höndum gildir að eins eitt, — það að gera allt sem unnt er til að leiða hið rétta í ljós. Ekkert er í slíkum málum verra en það, að fólk, sem ekki á hlut að máli, liggi undir þungum grun til frambúðar. Þegar öll kurl koma til grafar er það, að fá sannleikann á borðið, einnig bezt fyrir þá, sem í ógæfu hafa ratað, þótt þungbært sé um sinn.“

## Að efla réttarkerfið

Síðar í leiðaranum segir blaðið: „Þann lærdóm er vert að draga af því erfiða sakamáli, sem hér um ræðir, að brýna nauðsyn ber til að efla réttarkerfið okkar, tryggja þar hæfa starfskrafta og búa þeim fullnægjandi aðstöðu til að leita hins rétta í hverju máli. Um þetta ber mönnum að sameinast, þótt áfram verði deilt um ein-

stök atriði varðandi fyrirkomulag og framgang hinna ýmsu dómsmála. — Hér er jafnframt vert að undirstrika, að allt sem gert verður í þessum efnum, má þó að engan hátt fela í sér skref til lögreglu- ríkis, þar sem refsilegðin mótar réttarfarir.“

## Enginn sekur fyrr en sekt er sönnuð

Enn segir blaðið: „Hvað sem í skerst ber okkur jafnan að hafa í heiðri þá sjálfsögðu reglu, að enginn sé talinn sekur fyrr en sekt hefur verið sönnuð, og engum ósæmilegum aðferðum má beita til að knýja fram játningar, þótt um alvarlegt sakamál sé að ræða. Innan þess ramma ber hins vegar að stórbæta aðstöðu rannsóknaraðila í sakamálu til að leiða hið rétta í ljós í hverju máli.“

## Sigur fyrir réttarkerfið

Tíminn fjallar einnig um þetta mál í leiðara í gær. Niðurlag hans hljóðar svo: „Menn geta áreiðanlega gert sér í hugar, hvernig nú væri ástatt, ef málið hefði ekki verið upplýst. Þá hefðu kvik- sögurnar fest rætur og saklausir getað verið dæmdir af almenningsálit- inu. Trúin á réttarfarskerfið hefði orðið fyrir miklu áfalli. Í kjölfarið hefði getað fylgt upplausn og aga- leysi. Uppljóstrun Geir- finnsmálsins er sannarlega mikill sigur fyrir réttarfarið, álit þess og til- trú.“

En það er ekki nóg að fagna þessum sigri, heldur verður að fylgja honum eftir. Þetta hefur dóm- málaráðherra skilið manna bezt. Hann hefur ekki aðeins lagt fram góðan skref til þess að Geir-

4 — SÍDA — ÞJÓÐVILJINN Föstudagur 4. febrúar 1977

ÞJÓÐVILJINN

MÁLGAGN SÓSI  
VERKALÝÐSHREY  
OG ÞJÓÐFRELSI

## SAKAMÁL UPPLÝST

Í fyrradag boðuðu rannsóknaraðilar til fundar með fréttamönnum og greindu þar frá niðurstöðum af langri og erfiðri rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Þun- ad- síð- hel-

Tíminn

Útgefandi Framsóknarflokkurinn.  
Framkvæmdastjóri: Kristinn Finnþósson. Ráðgjafi:  
Þórunn Þórarinnsson (abm.) og Jón Helgason. Ráðgjafi:  
Arnlundur Freysteinn Jóhannsson. Auglýsingastjóri:  
Steingrímur Gíslason. Ráðgjafi: Rannsóknarnefndin  
við Lindargötu, símar 18300 — 18306. Skrifstofur í Abal-  
stræti 7, sími 26500 — afgreiðslusími 12323 — auglýsinga-  
sími 19523. Verð í lausasölu kr. 60.00. Askriptargjald kr.  
1.100.00 á mánuði. Blaðaprenting.

## Geirfinnsmálið

Forystugreinar um lyktir sakamáls.

finnsmálið upplýstist, eins og áður er vikið að. Hann hefur haft forgöngu um að rannsóknarstarfið verði stórlega eftir með stofnun sérstakrar rannsóknarlögreglu ríkis- ins. Nú er það fjar- veitingavaldsins að sjá um, að þessi nýja stofnun fái nægilegt starfsfé til að geta valdið verkefni sínu. Þeirra orða hins þýzka sérfræðings, sem svo miklu góðu hefur komið hér til vegar, skyldu menn einnig minnst, að hann hefði sjaldan kynnt eins duglegum lögreglumönnum og hér og aldrei eins lágt launuðum. Til lengd- ar helzt ekki á góðum starfsmönnum, nema þeir séu launaðir að verðleik- um.“

## Lífseigt bráða- birgðaákvæði

Þjórg Einarssdóttir ritar grein um skattamál í Vísu í fyrradag og fjallar þar m.a. um 50% frádráttinn. Hún segir:

„Að þetta bráðabirgða- ákvæði hefur gilt í nær tvo áratugi kennir að oft er lífseigt það, sem aðeins á að lappa upp á gallað kerfi um stundarsakir. Þegar tveimur árum eftir gildistöku 50% reglunnar urðu breytingar á skatta- lögum er rýrðu gildi hennar og hafa nú orðið svo miklar breytingar á lögum- um að það sem átti að stefna í réttlætisátt er orðið að argasta óréttlæti.“

Það er meiri háttar áþjón á vinnumarkaðinum að njóta þessarar frá- dráttarreglu og vinna við hlið þeirra, sem hún bitn- ar á aðeins vegna hjú- skaparstöðu, án tillits til annarra aðstæðna.


Þessa reglu ber að af- nema og það felur einmitt framlagt skattafumvarp í sér. Það verður að kref- jast þeirrar siðgæðis- vitundar af þeim konum, sem hag hafa af 50% reglunni, vitandi að aðrir gjalda hennar, standa saman um að fella hana burt.“

# Þorramatur

fyrir samkvæmi af öllum stærðum

Í þorrabakkanum okkar er allt það sem tilheyrir ekta íslenskum þorramat — lagað upp á gamla mátann.


Hringið og pantið saman þorramat hjá okkur. Sendum heim — Lágmarkspöntun 10 bakkar.



Brauðbær  
Veitingahús  
V/ÓÐINSTORG

Símar: 25640 — 25090 — 20490

# Kjarvalsstaðir



# Norræn veflist

Ein glæsilegasta sýning sem hér hefur verið haldin. Myndvefnaður, rýjateppi, ásaumur, tau- þrykk, Patchwork, macramé, batík, prjón, góbelín og vefskúlpútur.

Sunnudagur 6. feb.  
kl. 17.

Manuela Wiesler leikur á flautu

Miðvikudagur 9. feb.  
kl. 18.

Ásgerður Búadóttir vefari gengur með gestum um sýninguna.

Opið 14—22 helga daga, 16—22 virka daga. Lokað á mánudögum.

Geymið auglýsinguna.



# Messur á morgun

**DÓMKIRKJAN** Nýir messu- staðir vegna viðgerðar á kirkjunni: Klukkan 11 árd. messa í kapelli háskólans, gengið inn um aðaldr. Séra Óskar J. Þorláksson. Kl. 5 síðd. Messa í Fríkirkjunni. Séra Þórir Stephensen. Barnasamkoma kl. 10.30 árd. í Vesturbæjar- skólanum við Öldurötu. Séra Þórir Stephensen.  
**NESKIRKJA** Barnasamkoma kl. 10.30 árd. Guðþjónusta kl. 2 síðd. Séra Frank M. Halldórsson.  
**HÁTEIGSKIRKJA** Barna- guðþjónusta kl. 11 árd. Séra Tómas Sveinsson. Messa-kl. 2 síðd. Séra Arngrímur Jónsson. Síðdegisguðþjónusta kl. 5. Séra Tómas Sveinsson.  
**GRENSÁSKIRKJA** Barnasam- koma kl. 10.30 árd. Guð- þjónusta kl. 2 síðd. Organisti Jón G. Þórarinnsson. Séra Halldór S. Gröndal.  
**Langholtsprestakall** Barnasam- koma kl. 10.30 árd. Guðþjónusta kl. 2 síðd. Ráð- stefna Bindindisráðs kristinna safnaða eftir messu. Séra Árelfus Níelsson.  
**FRÍKIRKJAN** Reykjavík. Barnasamkoma kl. 10.30 árd. Guðni Gunnarsson. Messa kl. 2 síðd. Organleikari Sigurður Ís- ólfsson. Séra Þorsteinn Björns- son.

**HALLGRÍMSKIRKJA** Messa kl. 11 árd. Séra Ragnar Fjalar Lárusson. Fjölskyldumessa kl. 2 síðd. Séra Karl Sigurbjörns- son.  
**LANDSPÍTALINN** Messa kl. 10.30 árd. Séra Karl Sigur- björns-son.  
**LAUGARNESKIRKJA** Barna- guðþjónusta kl. 11 árd. Guðþjónusta kl. 2 síðd. Sóknar- prestur.  
**BÚSTADAKIRKJA** Barnasam- koma kl. 11 árd. Guðþjónusta kl. 2 síðd. Dr. Þórir Kr. Þórðar- son prédikar. Birgir Ás Guðmundsson organisti. Barna- gæzla. Séra Ólafur Skúlason.  
**FELLA- OG HÓLASÖKN** Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11 árd. Guðþjónusta í skólanum kl. 2 síðd. Séra Hreinn Hjartar- son.  
**ÁRBÆJARPRESTAKALL** Barnasamkoma í Árbæjarskóla kl. 10.30 árd. Guðþjónusta í skólanum kl. 2 síðd. Æskulýðs- félagsfundur á sama stað kl. 8 síðd. Séra Guðmundur Þor- steinsson.  
**ELLI- OG HJÚKRUNAR- EIMILÍÐ** Grund. Messa kl. 10 árd. Séra Jón Kr. Ísfeld messar.  
**FÍLADELFIUKIRKJAN** Safn- aðarguðþjónusta kl. 2 síðd. Almenn guðþjónusta kl. 8 síðd. Einar J. Gíslason.

GUÐSPJALL DAGSINS:  
Matt. 20, 1—16: Verka- menn í víngarði.

Litur dagsins: Grænn.  
Táknar vöxt, einkum hins andlega lífs.

**HJÁLPRÆÐISHERINN** Helg- unarsamkoma kl. 11 árd. Sunnudagaskóli kl. 2 síðd. Hjálpræðissamkoma kl. 8.30 síðd. Kafteinn Daniel Óskars- son.  
**BÆNASTAÐURINN** Fálka- götu 10. Sunnudagaskóli kl. 10.30 árd. Samkoma kl. 4 síðd. Þórður M. Jóhannesson.  
**ENSK MESSA** verður í Kapelli háskólans kl. 12.30.  
**SELTJARNARNESSÖKN** Barnasamkoma í félags- heimilinu kl. 10.30 árd. Séra Guðmundur Óskar Ólafsson.  
**ÁSPRESTAKALL** Messa kl. 2 síðd. að Norðurbrún 1. Séra Grímur Grímsson  
**DÓMKIRKJA KRISTS** Konungs Landakoti. Lágnessa kl. 8.30 árd. hánessa kl. 10.30 árd. Lágnessa kl. 2 síðd.  
**KÁRSNESSPRESTAKALL** Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11 árd. Guðþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2 síðd. Guðni Þór Ólafsson guðfræðinemi prédikar. Séra Arni Pálsson  
**DIGRANESPRESTAKALL** Barnasamkoma í safnaðar- heimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11 árd. Messa í Kópavogskirkju kl. 11 árd. Séra Þorbergur Kristjánsson.  
**KAPELLA** St. Jósefssystra, Garðabæ. Hánessa kl. 2 síðd. Framhald á bls 22